



FUNDARGERÐ

**59. fundur Stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 15. febrúar 2022 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Einarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Haraldur Eiríksson, Einar Freyr Elínarson, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir.

Fundargerð ritaði: Einar Freyr Elínarson, ritari.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð sem engar voru. Formaður gerði tillögu að því að 4. dagskrárliður í auglýstri dagskrá yrði tekinn fyrstur fyrir sem var samþykkt án athugasemda.

Dagskrá:

Róbert Ragnarsson situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

1. Félags- og skólaþjónusta; Endurskoðun á Stjórnskipulagi og rekstri með tilliti til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 862021 - 2201070

Á 57. fundi stjórnar Félags og skólaþjónust Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu bs. var samþykkt að fela formanni að óska eftir álitum RR-ráðgjafar um fýsileika þess að rekstrarform og skipurit félags- og skólaþjónustunnar yrði endurskoðað í ljósi nýrra farsældarlaga.

Róbert Ragnarsson ráðgjafi frá RR ráðgjöf kynnti verkefnistillögu vegna endurskoðunar á stjórnskipulagi og verklagi byggðasamlagsins.

*Stjórn samþykkir tillöguna og felur formanni að ganga frá undirritun samnings við RR ráðgjöf
Samþykkt samhljóða.*

Róbert Ragnarsson yfirgefur fundinn.

2. Endurnýjun bifreiðar skólaþjónustudeildar - 2112092

Forstöðumaður kynnti tillögu að endurnýjun á bifreið fyrir skólaþjónustuna.

Stjórn samþykkir að fela forstöðumanni að kanna hagkvæmni þess að kaupa bíl eða taka á leigu og taka ákvörðun í samráði við formann stjórnar.

Samþykkt samhljóða

3. Skólaþjónustudeild; Breyting á leigusamningi um húsnæði - 2202046

Forstöðumaður kynnti tillögu sem felur í sér breytingu á leigusamningi um húsnæði

*skólaþjónustunnar á Hvolsvelli.
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

Svava Davíðsdóttir, félagsmálastjóri yfirgefur fundinn.

4. Skólaþjónustudeild; fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 - 2111007

Lögð fram til kynningar greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir skólaþjónustuna sem forstöðumaður kynnti fyrir stjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:50

Lilja Einarsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Haraldur Eiríksson

Einar Freyr Elínarson

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Svava Davíðsdóttir

Þórunn Jóna Hauksdóttir